

## Lýsigögn

# Vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn

### 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

#### 1. Efni

#### 2. Tími

#### 3. Áreiðanleiki og öryggismörk

#### 4. Samanburður

#### 5. Aðgangur að upplýsingum

### 0. Skráningaratriði fyrir viðfangsefni

#### 0.1 Heiti

Vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn

#### 0.2 Efnisflokkur

Laun og tekjur

#### 0.3 Umsjón; stofnun, deild, sérfræðingur o.s.frv.

Hagstofa Íslands

Laun, tekjur og menntun

Tölvupóstfang: [laun@hagstofa.is](mailto:laun@hagstofa.is)

Sími: 528 1250

#### 0.4 Tilgangur og aðdragandi

Tilgangur vísitölu lífeyrisskuldbindinga er að verðtryggja lífeyrisgreiðslur opinberra starfsmanna sem taka mið af eldri réttindakerfum. Vísitalan er birt samkvæmt lögum um [Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997](#) og lögum um [Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga nr. 2/1997](#). Í þeim lögum er kveðið á um að Hagstofan skuli reikna mánaðarlega meðalbreytingar á launum opinberra starfsmanna. Ákvæðin má rekja til heildarendurskoðunar árið 1996 á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna frá 1963 og tengdust svonefndri eftirmannsreglu. Lögin gáfu sjóðfélögum þann valkost að láta lífeyrisgreiðslur fylgja meðalbreytingum launa opinberra starfsmanna í stað breytinga á launum eftirmanns enda getur reynst erfitt að fylgja launum eftirmanns þar sem störf og verkefni breytast.



Vísitala lífeyrisskuldbindinga var fyrst reiknuð í febrúar 1997 vegna breytinga á launum opinberra starfsmanna á milli desember 1996 og janúar 1997. Vísitala lífeyrisskuldbindinga var því stillt á 100 í desember 1996.

### 0.5 Notendur og notkunarsvið

Notkunarsvið er fyrst og fremst bundið við lögbundið hlutverk vísitölunnar.

### 0.6 Heimildir

Vísitala lífeyrisskuldbindinga byggir á gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands. Í rannsókninni eru meðal annars upplýsingar um öll störf í úrtaki sveitarfélaga og öllum þeim stofnunum sem fjársýsla ríkisins greiðir laun fyrir. Þar sem um úrtak sveitarfélaga er að ræða er stuðst við kerfi voga byggt á staðgreiðslugögnum til þess að úrtakið endurspegli starfsmenn sveitarfélaga í heild.

Um er að ræða nákvæmar upplýsingar um launagreiðanda, launafólk, launagreiðslur, greiddar stundir og annan launakostnað. Gögn eru gæðaprófuð við móttöku, þar sem sannreynt er að þau standist kröfur launarannsóknarinnar. Við framkvæmd launarannsóknarinnar er tekið mið af þeim kröfum sem gerðar eru til launakannana í reglugerðum á Evrópska efnahagsvæðinu.

### 0.7 Lagalegur grundvöllur fyrir hagskýrslugerð

Samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands nr. 163/2007 er eitt af meginatriðum landshagsins að rannsaka efnahag landsmanna og er einn liður í þeirri skoðun að fylgjast með launaþróun. Vísitala lífeyrisskuldbindinga er birt samkvæmt lögum um [Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997](#) og lögum um [Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga nr. 2/1997](#).

### 0.8 Svarbyrði við innsöfnun

Reynt er að halda svarbyrði launagreiðenda í lágmarki í launarannsókn Hagstofunnar og er gögnum safnað beint úr launakerfum. Það minnkar svarbyrði og dregur úr líkum á skekkjum við skráningu. Í upphafi fer sérfræðingur Hagstofunnar yfir tæknileg atriði með tengiliðum launagreiðenda þar sem farið er yfir tæknileg atriði, flokkanir, launasamsetningu og launaliðir tengdir þannig að samræmis sé gætt. Þegar innleiðingarferli er lokið senda launagreiðendur mánaðarlega skilagrein í formi textaskjals til Hagstofunnar í gegnum örugga vefþjónustu. Ef upp koma álitæfni við vinnslu gagna er haft samband við viðkomandi launagreiðenda.

### 0.9 Ákvæði vegna EES og ESB

Engin ákvæði eru í gildi vegna EES og ESB. Hins vegar er stuðst við reglugerðir nr. 530/1999 frá 9. mars 1999, nr. 1916/2000 frá 8. september 2000 og nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 og leiðbeiningar ESB um söfnun launagagna og úrvinnslu þeirra.

## 1. Efni

### 1.1 Efnislýsing

Vísitala lífeyrisskuldbindinga er birt samkvæmt lögum nr. 1/1997 og nr. 2/1997. Grunnur vísitölunnar er desember 1996 en þá var vísitalan sett á 100 stig.

Samkvæmt lögnum skal Hagstofa Íslands reikna meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. Í 3. málsgrein 24. greinar laga nr. 1/1997 og 3. málsgrein 8. greinar laga nr. 2/1997 segir: „Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.“

Vísitala lífeyrisskuldbindinga er verðvísitala á föstum grunni. Vísitalan endurspeglar breytingar á einingarverði dagvinnulauna opinberra starfsmanna og aðgreinir breytingar sem eru vegna breytinga á einingaverði launa frá breytingum sem verða af öðrum ástæðum, svo sem vegna breytinga á samsetningu opinberra starfsmanna eða samsetningu dagvinnulauna opinberra starfsmanna.

Breytingar sem urðu á einingarverði dagvinnulauna vegna styttingar vinnutíma sem kveðið var á um í kjarasamningum opinberra starfsmanna og gerðir voru árin 2019 og 2020 hafa ekki áhrif á vísitölu lífeyrisskuldbindinga. Þó að stytting vinnutíma feli í sér skemmri dagvinnutíma en áður og þar með hækkun á einingarverði dagvinnulauna þá er ekki um að ræða breytingu sem hefur áhrif á þau föstu laun sem iðgjöld eru greidd af lögum samkvæmt. Ef horft er til textaskýringa, tilgangs og bakgrunns lagaákvæða sem vísitalan byggir á er það mat Hagstofunnar að ekki sé rétt að meta inn í vísitöluna réttindi af þessu tagi sem ekki eru greidd iðgjöld af þar sem það gæti raskað samræmi á milli iðgjalda, réttinda og verðtryggingar<sup>1</sup>.

### 1.2 Tölfræðileg hugtök

*Parað módel (e. matched model)*

Við útreikning á launabreytingum er notast við pörun sem er þekkt aðferð á sviði verðvísitalna til að halda gæðabreytingum í lágmarki. Um er að ræða paraðar breytingar fyrir

ráðningarsamband, þ.e.a.s. launafólk sem er í sama starfi, hjá sama launagreiðenda, í sömu atvinnugrein og hjá sama stéttarfélagi í tveimur í samliggjandi mánuðum.

Reiknaðar eru breytingar á dagvinnulaunum sérhvers launamanns sem uppfyllir áðurnefnd skilyrði og ræðst vog hvers einstaklings af launafjárhæð hans í dagvinnu. Störf eru fjögurra

---

<sup>1</sup> Þessi niðurstaða er í samræmi við lögfræðiálit dagsett 18. mars 2021 sem Hagstofan kallaði eftir til þess að tryggja að útreikningar væru í samræmi við lög.



stafa störf samkvæmt [ÍSTARF95](#)-flokkunarkerfinu (byggir á alþjóðlega flokkunarkerfinu ISCO-88) auk stöðutölu sem skilur á milli t.d. verkstjóra og annarra starfsmanna sem sinna sama starfi samkvæmt ÍSTARF95. Atvinnugreinar eru fimm stafa atvinnugreinar samkvæmt [ÍSAT2008](#)-flokkunarkerfinu (byggir á alþjóðlega flokkunarkerfinu NACE rev. 2).

### *Launahugtak*

Í greinargerð með frumvarpi laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (LSR) nr. 1/1997 kemur fram að breytingar á lífeyrisgreiðslum skulu ákvarðaðar til samræmis við breytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna eða launagreiðslum sem mynda stofn til greiðslu iðgjalda í B-deild LSR. Stofn iðgjalda í B-deild LSR er dagvinna, persónuuppbót og orlofsuppbót en ekki heildarlaun eins og í nýrri réttindakerfum. Vísitala lífeyrisskuldbindinga er því reiknuð á grundvelli dagvinnulauna en fylgst er með öllum breytingum sem kunna að verða á samsetningu launa einstakra hópa eins og tilfærslum á milli launaliða. Jafnframt er fylgst með þróun annarra launaliða sem lífeyrir reiknast eftir, þ.e. orlofs- og persónuuppbótar.

Dagvinnulaun eða grunndagvinnulaun eru greidd laun fyrir umsaminn vinnutíma án bónus- og álagsgreiðsla. Launin eru tekin niður á tíma og deilt með greiddum stundum í dagvinnu til þess að leiðrétta fyrir því ef launafólk er ekki í fullu starfi, en mæla skal breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu.

## **2. Tími**

### **2.1 Viðmiðunartími talnaefnis**

Viðmiðunartími vísitölu lífeyrisskuldbindinga er næstliðinn mánuður. Til dæmis byggir vísitala janúarmánaðar á breytingum dagvinnulauna á milli desember og janúar og er birt á bilinu 20.-24. febrúar.

### **2.2 Vinnslutími**

Vinnslutími er að jafnaði um 20-24 dagar frá því að launagögn byrja að berast Hagstofunni og þar til að vísitalan er birt.

### **2.3 Stundvísi birtingar**

Vísitala lífeyrisskuldbindinga er birt klukkan 9:00 á auglýstum birtingardegi á mánaðarlegri launavísitölu og tengdum vísitölum samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar. Birtingaráætlun er á vef Hagstofu Íslands, sjá <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/birtingaraaetlun/>

### **2.4 Tíðni birtinga**

Vísitala lífeyrisskuldbindinga er birt mánaðarlega í [talnaefni á vef Hagstofu Íslands](#).

### 3. Áreiðanleiki og öryggismörk

#### 3.1 Nákvæmni gagna og áreiðanleiki

Til þess að tryggja nákvæmar og réttar upplýsingar um störf og laun í launarannsókn Hagstofu Íslands er leitað beint til launagreiðenda og gagna aflað með rafrænum hætti úr hugbúnaði þeirra. Sú aðferð er sú áreiðanlegasta sem völ er á þar sem gögnin berast hrein og milliliðalaust. Áður en þátttaka launagreiðenda í rannsókninni hefst veita starfsmenn frá Hagstofu Íslands nákvæmar leiðbeiningar um flokkun og tengingar launaliða auk þess sem gætt er að samræmingu flokkunar eins og starfa- og atvinnugreinaflokkun eftir nákvæmum verklagsreglum. Eftir að rekstrareining er komin í regluleg skil heldur endurgjöf áfram ef ástæða þykir.

Stöðluð villu- og gæðapróf eru notuð við vinnslu launagagna. Fráviksgildi eru skoðuð og meðhöndluð eftir sérstöku verklagi. Fyrstu og síðustu tvær þær einstaklings í sama starfi, í sömu atvinnugrein, hjá sama launagreiðanda og í sama stéttarfélagi eru útilokaðar við vinnslu. Þá eru einnig þeir útilokaðir sem fá greiddar færri en 10 dagvinnustundir eða fleiri en 340. Þessar útilokanir eru gerðar þar sem miklar líkur eru á óeðlilegum mælingum á launum við þessar kringumstæður. Stöðugt er unnið að gæðamálum til þess að auka áreiðanleika vinnslu vísitölunnar.

#### 3.2 Skekkjuvaldar í gögnum

Áreiðanleiki launavísitölu er háður óvissu vegna mögulegra skekkja. Úrtaksskekkjur (e. sampling errors) stafa af þeirri óvissu sem felst í því að úrtakið er ekki nákvæm eftirmynd þýðis. Úrtaksskekkjur eru háðar úrtakshönnun, stærð úrtaks og dreifni (e. variance).

Aðrir hugsanlegir skekkjuvaldar eru skekkjur sem tengjast verðvísitölum almennt, svo sem vegna gæðabreytinga, áhrif keðjutenginga, reks og lengd líftíma mælieininga. Ekki hefur verið gert sérstakt mat á þeim skekkjum í tilfelli vísitölu lífeyrisskuldbindinga en mat sem gert var í ágúst 2018 á launavísitölu þar notuð eru sambærileg launagögn og aðferðir til verðlagsleiðréttingar benda til þess að skekkjur vegna reks sé ekki vandamál í launagögnum og mat á skekkjum vegna líftíma mælieininga benti til lítilla áhrifa á undirvísitölur og enn síður á heildarvísitölu. Sjá nánar í [greinagerð um aðferðafræði launavísitölu](#).

#### 3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar

Ekki hafa verið gerðar sérstakar athuganir á umfangi skekkju í vísitölu lífeyrisskuldbindinga. Öryggismörk eru ekki reiknuð.

## 4. Samanburður

### 4.1 Samanburðarhæfi á milli tímabila

Niðurstöður eru samanburðarhæfar á milli tímabila. Á þeim árum sem liðin eru síðan fyrstu mælingar hófust hafa gögn sem liggja að baki vísitölunnar aukist, bæði hvað varðar magn og gæði.

### 4.2 Samanburður við aðrar hagtölur

Vísitala lífeyrisskuldbindinga og launavísitala eru báðar verðvísitölur sem byggja á sömu gagnahæðum og aðferðum til gæðaleiðréttinga. Það sem er hins vegar ólíkt er að launavísitala mælir breytingar á einingarverði reglulegra launa á íslenskum vinnumarkaði miðað við fastan vinnutíma en vísitala lífeyrisskuldbindinga mælir einungis launabreytingar opinberra starfsmanna á launum sem mynda stofn til iðgjalda í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkissins.

Almennt gildir um bæði vísitölu lífeyrisskuldbindinga og launavísitölu að samsetningabreytingar, svo sem á vinnutíma, eigi ekki að hafa áhrif. Hins vegar er kveðið á um í greinargerð með frumvarpi að lögum um launavísitölu að vinnutími geti haft áhrif ef um er að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má til launabreytinga. Í kjarasamningum sem voru gerðir árin 2019 og 2020 var kveðið á um slík ákvæði og þar sem verð vinnustundar hækkar þegar færri vinnustundir eru að baki launa höfðu þær breytingar áhrif á launavísitölu svo framlega sem ekki var einungis um breytingar á viðveru að ræða eins og þegar vinnutímastytting var tilkomin vegna niðurfellingar á neysluhléum eða samþjöppun. Stytting vinnutíma hefur ekki áhrif á vísitölu lífeyrisskuldbindinga samanber [umfjöllun í lið 1.1](#) í þessum lýsigögnum.

### 4.3 Samband milli bráðabirgðatalna og lokatalna

Engar bráðabirgðatölur eru birtar. Vísitala lífeyrisskuldbindinga er ekki leiðrétt með afturvirkum hætti en breytingar sem koma í ljós eftir að mælingu á viðmiðunarmánuði lýkur geta haft áhrif á vísitöluna þegar þeirra breytinga verður vart í launagögnum. Í hverjum útreiknimánuði eru síðustu tvær mælingar endurskoðaðar og þær ásamt mælingum á viðmiðunarmánuði mynda vísitölugildið sem gefið er út. Þar sem að tímanleiki vísitölunnar er mikill er slík endurskoðun nauðsynleg vegna tafa sem geta orðið í gagnaskilum og til þess að bregðast við hugsanlegum villum.

## 5. Aðgangur að upplýsingum

Hagstofa Íslands starfar eftir [grundvallarreglum um opinbera hagskýrslugerð](#) í ríkjum Sameinuðu þjóðanna, [meginreglum í hagskýrslugerð](#) á grundvelli Evrópureglugerðar nr. 223/2009, [lögum um Hagstofu Íslands nr. 163/2007](#) og [lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018](#) og [reglum Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna](#).

### 5.1 Miðlunarleiðir

Vísitala lífeyrisskuldbindinga er birt mánaðarlega um 20-24 dögum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur í samræmi við útgefna birtingaráætlun Hagstofu Íslands um mánaðarlega launavísitölu og tengdar vísitölur. Sjá hér: [Vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn frá 1997](#).

### 5.2 Grunn gögn; varðveisla og notkunarmöguleikar

Grunngögn sem vísitala lífeyrisskuldbindinga byggir á eru fyrst og fremst upplýsingar sem fengnar eru beint úr launakerfum sveitarfélaga og stofnana. Þau gögn innihalda upplýsingar um laun og launakostnað. Grunn gögn eru varðveitt í gagnasafni Hagstofunnar og eru trúnaðargögn.

### 5.3 Skýrslur

Ekki eru gefnar út sérstakar skýrslur í tengslum við vísitölu lífeyrisskuldbindinga. Hins vegar hafa verið birtar skýrslur um gögn og aðferðir gæðaleiðréttinga vegna launavísitölu sem eru að hluta til þær sömu og gilda um vísitölu lífeyrisskuldbindinga:

Þann 16. ágúst 2018 gaf Hagstofa Íslands út [greinagerð um aðferðafræði launavísitölu](#) stofnunarinnar. Þar var m.a. fjallað um launagögn og aðferðir við gæðaleiðréttingar.

Þann 1. febrúar 2019 var birt [skýrsla með úttekt dr. Kim Zieschang](#) á launavísitölu Hagstofu Íslands. Þar var m.a. lagt mat á launagögn og aðferðir gæðaleiðréttingar.

Þann 10. desember 2019 var birt [rannsókn Hagstofu Íslands](#) á áhrifum hækkandi starfsaldurs og aukinnar menntunar á launavísitölu vegna aðferða gæðaleiðréttinga.

### 5.4 Aðrar upplýsingar

Gildi vísitölunnar í janúar 2021 sem birt var þann 23. febrúar 2021 var endurskoðað 23. mars 2021 og breytt í 648,0 úr upphaflega birtu gildi, 656,3. Í upphaflega gildinu gætti áhrifa styttingu vinnutíma sem kveðið var á um í kjarasamningum opinberra starfsmanna sem gerðir voru á árunum 2019 og 2020 en í endurskoðuðu gildi gætir ekki þeirra áhrifa. Nánari umfjöllun um áhrif styttingar vinnutíma má finna í lið [1.1](#).

Nánari upplýsingar um vísitölu lífeyrisskuldbindinga fást hjá starfsmönnum deildarinnar laun, tekjur og menntun í síma 528-1250 eða í gegnum netfangið [laun@hagstofa.is](mailto:laun@hagstofa.is)